

Barnaverndarnefnd getur krafð foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæranelegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Um viðmið við ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

38. gr.

Kostnaður samkvæmt fóstursamningi.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni greiðir þann kostnað við fóstur sem leiðir af fóstursamningi. Þegar um styrkt fóstur er að ræða fer um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga skv. 2. mgr. 88. gr. barnaverndarlaga og 5. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar.

39. gr.

Annar kostnaður vegna fósturbarns.

Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, leikskóla, grunnskóla o.s.frv.

Ef barn fer í tímabundið fóstur skal sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur greiða kostnað vegna grunnskóla meðan ráðstöfun varir.

40. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. og 3. mgr. 66. gr., 75. gr. og 78. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. september 2004.

Árni Magnússon.

Þorgerður Benediktsdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag fyrir „Velli 3. áfanga“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 nýtt deiliskipulag fyrir „Velli 3. áfanga“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felst í meginatriðum í byggð fyrir verslun, þjónustu og íbúðir. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 30. september 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.